

*Aðalfundur og boðun hans.*

■ **59. gr.**

- Aðalfundur húsfélags skal haldinn ár hvert fyrir lok aprílmánaðar.
- Til aðalfundar skal stjórnin boða skriflega og með sannanlegum hætti með minnst 8 og mest 20 daga fyrirvara. Búi félagsmaður ekki í húsinu verður hann að tilkynna húsfélaginu um heimilisfang sem senda skal fundarboð til óski hann eftir að fá það í hendur.
- Í fundarboði skal greina fundartíma, fundarstað og dagskrá. Þá skal geta þeirra mála sem ræða á og meginefni tillagna þeirra sem leggja á fyrir fundinn.
- Vilji eigandi fá mál tekið fyrir og til atkvæðagreiðslu á aðalfundi skal hann greina stjórn frá því skriflega með þeim fyrirvara að unnt sé að geta þeirra í fundarboði.

*Verkefni aðalfundar.*

■ **61. gr.**

- Á aðalfundi skulu fyrir tekin eftirtalin mál:
  1. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
  2. Framlagning ársreikninga til samþykktar og umræður um þá.
  3. Kosning formanns.
  4. Kosning annarra stjórnarmanna.
  5. Kosning varamanna.
  6. Kosning endurskoðanda og varamanns hans.
  7. Framlagning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir næsta ár.
  8. Ákvörðun hússjóðsgjalda.
  9. Mál sem tiltekin eru í fundarboði.
  10. Önnur mál.

*Stjórn, kosning, kjörgengi o.fl.*

■ **66. gr.**

- Í húsfélagi skal vera stjórn sem kosin er á aðalfundi.
- Stjórnina skipa að jafnaði a.m.k. þrír menn og er einn þeirra formaður sem kosinn skal sérstaklega. Ef þurfa þykir skal kjósa jafnmarga varamenn. Skulu þeir þá kjörnir sem 1., 2. og 3. varamaður og taka sæti í aðalstjórn í þeirri röð.
- Kjörgengir til stjórnar eru félagsmenn, makar þeirra eða sambúðarfólk og nánir ættingjar. Skulu stjórnarmenn vera lögráða.
- Kjörtímabil stjórnar er eitt ár eða á milli aðalfunda og lýkur því í lok aðalfundar á því ári sem kjörtímabilið rennur út.
- Stjórnin skiptir með sér verkum eftir því sem þurfa þykir.

*Sérstök stjórn er óþörf í minni húsum.*

■ **67. gr.**

- Þegar um er að ræða fjöleignarhús með sex eignarhlutum eða færri er ekki þörf á að kjósa og hafa sérstaka stjórn og fara þá allir eigendur í félagi saman með það vald og þau verkefni sem stjórnin annars færi með samkvæmt lögum þessum.
- Einnig er heimilt í slíkum húsum að fela einum eiganda að einhverju leyti eða öllu verkefni stjórnar og skal þá beita ákvæðum laganna um stjórn eftir því sem við á um hann.